

Fundur verkefnisstjórnar AST 15. desember 2011 kl. 13

Fundarstaður, fundarherbergi AFLs á Egilsstöðum.

Mætt: Rögnvaldur Ólafsson, Valdimar O. Hermannsson, Skúli Björn Gunnarsson, Sverrir Mar Albertsson, Auður Anna Ingólfssdóttir og Þórarinn Sólmundarson situr fundinn til kl. 14:30. Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Davíð Baldursson boðuðu forföll.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar
- Skipulagsskrá
- Samrunaáætlun
- Fjárhagsáætlun
- Ráðning framkvæmdastjóra
- Samningar við sveitarfélögin
- Samstarfshópur ráðuneyta um stoðkerfi atvinnulífsins og ráðstöfun á Norð-Austur fjármagni
- Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar undirrituð og samþykkt.

Skipulagsskrá: Síðasta eintaki er dreift til fundarmanna. Í þeim tillögum er lagt til að stofnaðild verði breið sem þýðir að það þarf að tala við marga og þeir þurfa að bera aðild undir sínar stjórnir. Þarf að fara að ræða við mögulega stofnaðila. Sveitarfélögin sett inn hver með sína aðild til að skapa jafnvægi meðal stofnaðila og heimamanna.

Stofnaðild: Gert ráð fyrir 1 milljón króna stofnfé sem dreifist jafnt á stofnaðila, um að ræða lágmarksstofnfé samkvæmt lögum um sjálfseignastofnanir með rekstur. Kominn inn listi yfir 33 stofnaðila í skipulagsskrá. Er eitthvað sem mælir á móti því að einstök fyrirtæki geti orðið stofnaðilar? Mætti auglýsa og bjóða fyrirtækjum og stofnunum að vera stofnaðilar. Mikilvægt að spyrja sig, hvað er verið að stofna og miðað við það hverjir eiga að vera stofnaðilar? Fara yfir núverandi stofnaðila og félagi og kanna hverjir gera tilkall til stofnaðildar. Er fyrst og fremst verið að horfa til þess að fá inn stærri fyrirtækja sem vilja vinna með nýrri stofnun. Hótel Hérað gæti haft áhuga á að vera stofnaðili til þess að koma að uppbyggingu og þróun stofnunarinnar. Fyrirtæki gætu viljað vera stofnaðilar þrátt fyrir að þau eigi aðild að samtökum á borð við Samtök iðnaðarins (SI) og Samtökum atvinnulífsins (SA). Þarf að fara aðra hvora leiðina.

Auður ræðir athugasemdir atvinnulífsins við hugmyndir um stofnaðild og aðkomu grasrótarinnar að þróun stofnunarinnar, þannig að hún verði ekki sveitarstjórnarstofnun. Atvinnulífið gæti gengið út úr Þróunarfélaginu og haft neikvæð viðhorf til nýrrar stofnunar. Þrír fulltrúar sveitarfélagana í stjórn er það sem stingur í augu fyrir atvinnulífið sem og faglega aðila. Á hinn bóginn hafa sveitarfélögin fengið ábendingar um að þau séu í minnihluta í stjórn þrátt fyrir hugmyndir um aukið hlutverk landshlutasamtaka og fleiri verkefni. Aukið hlutverk og verkefni sveitarfélaga felur einnig í sér ákveðnar hættur t.d. varðandi það að umræða í stjórn miðist of mikið við málefni og verkefni sveitarfélaga.

Mikilvægt að hafa það skýrt í skipulagsskrá hver aðkoma atvinnulífsins og annarra hagsmunaaðila. AFL hefur átt góð samskipti við stóru fyrirtækin um ýmis samfélagsleg verkefni, það samstarf hefur verið mjög gott og líklega myndu fyrirtækin fagna því að gerast aðilar að sameinaðri stofnun. Sagt frá upphaflegum Vaxtarsamning þar sem fjölmörg fyrirtæki á Austurlandi lögðu 500 þúsund á ári í þrjú ár sem framlag, þetta er vísbending um að fyrirtæki á Austurlandi gætu haft áhuga á stofnaðild. Hægt að hafa stofnaðilaskrána opna í ákveðinn tíma og bjóða öllum áhugasömum að borðinu. **Verkefnisstjóra falið að setja fram tillögu að því hvernig væri hægt að vinna þetta.**

Til þess að verkefnið verði ekki of umfangsmikið þá mætti skilgreina stofnaðila sem þá aðila sem þegar tengjast baklandi þeirra stofnana sem á að sameina. Af hverju ættu félög og stofnanir sem eru með skilgreinda aðila og félag að ganga inn í sameiningu í stofnun þar sem allir geta orðið aðilar? Önnur leið væri að bjóða eingöngu núverandi aðilum, hvort sem fyrirtækjum eða stofnunum, stofnaðild en búa síðan til annarskonar aðild að AST fyrir nýja aðila. Fram kom að sú nálgun samræmist þeirri hugsun sem sett var fram í skýrslu vinnuhóps SSA. Verkefnisstjórn taldi að einhverskonar skipt aðild AST myndi auka flækjustig.

Fram kom að líklega munu félagar í ÞFA gera athugasemdir við fjölda sveitarstjórnarmanna í stjórn. Fram kemur að fulltrúar í stjórn ÞFA komi flestir frá sveitarfélögunum og litlu sveitarfélögunum, 2 af 9 stjórnarmönnum koma frá atvinnulífinu. Fram kom að málið snérist ekki um að eitthvað sé að sveitarstjórnarmönnum heldur sé mikilvægt að þeir sem veljist í stjórn hafi raunverulegan áhuga á verkefnum AST ses. Á móti kemur að framkvæmdaráð SSA er kosið sem þeim fulltrúar sem eigi að gæta hagsmuna fjórðungsins og þessir sömu aðila hafa unnið með stjórnvöldum að því að taka við nýjum verkefnum á borð við almenningssamgöngur. Verkefnisstjórn sammála um að mikilvægt að hagsmunaárekstrar sveitarfélaga blandist ekki inn í starfsemi AST ses.

Verkefnisstjórn ákvað að allir núverandi félagar og stofnaðilar á Austurlandi, í þeim stofnunum sem sameina á, verði hvattir til að gerast stofnaðilar að nýrri stofnun. Ennfremur verður leitað annarra aðila sem verkefnisstjórn telur að mikilvægt sé komin að rekstri og starfsemi nýrrar stofnunar.

Rætt við Þórarinn um að gott væri ef bæði hann og Elvar Knútur komi á næsta fund sem líklega verður í upphafi nýs árs.

Tekin umræða um starfshátta- og starfskjaranefnd. Byggir á hugmynd frá Sverri um að stjórnarmönnum SSA yrði fækkað í tvo og að fleiri kæmu að tilnefningum í stjórn.

Fram kemur fyrirspurn um hvernig þessi hugmynd samrýmist lögum um sjálfseignastofnanir? Stjórn AST ber ábyrgð á daglegum rekstri, fagråd ábyrgt fyrir faglegrí stefnumótun. Hér er aðeins verið að tala um endurskoðunar-, uppstillingar- og síðanefnd. Fram kom að breyta þyrfti skipulagsskrá þannig að viðkomandi þrír fulltrúar megi ekki jafnframt eiga sæti í stjórn AST.

Fram kemur að fulltrúaráðið er öryggisventill á stjórn getur gert athugasemdir við tilnefningar í stjórn en í kjölfarið þurfi að halda framhaldsaðalfund til að kjósa nýja stjórn. Fulltrúaráðið getur skipað nefndir að vild og á grundvelli þess **samþykkti verkefnisstjórn að taka starfshátta- og starfskjarnefnd út úr skipulagsskrá og skipurit.**

Sverrir tilkynnir að hann sé langt frá því sáttur við núverandi drög að skipulagsskrá og hefði tilkynnt stjórn þNA að hann byðist til að ganga út úr framkvæmdanefnd og verkefnisstjórn sökum þess. Telur glapræði að fara inn í sameinaða stofnun þar sem fyrirséð er að verður mikill halli. Hann telur mikilvægt að allir þurfi að fara aftur í baklandið. Hugsanlega mætti halda sameiginlegan stjórnarfund allra stofnana. Sverrir mun ekki vinna meira inn í skipulagsskránni þar til hún hefur verið tekin til umræðu í baklandi viðkomandi stofnana. Sverrir mun áfram vinna í framkvæmdanefnd en telur að meðan að athugasemdir og gagnrýni baklandsins er ekki tekin til umræðu muni verkefnið ekki þokast áfram.

Verkefnisstjórn sammála um að allir vilja að sameiningin gagni upp þrátt fyrir ákveðnar athugasemdir og áhyggjur. Sverrir vísar í að eitt af forgangsatridunum sem koma fram í viðræðum Íslands um aðild að Evrópusambandinu sé að mikilvægt sé að þróa og byggja upp sterkt stofnanaumhverfi á landsbyggðinni. ÞNA hefur áhyggjur af þeirri starfsemi sem heyrir undir stofnunina þ.e. að áhugi á þeim þáttum muni minnka og verkefni tengd sveitarfélögunum verði fyrirferðarmeiri.

Grundvallaratriði er að spyrja okkur hvornig getum við skapað virka eignaraðild? Hvornig fáum við menn eins og Adolf og Gunnþór til að hafa áhuga á verkefninu? Mikilvægt að þeir fái það á tilfinninguna að þeirra álit og aðkoma skipti máli.

Ljóst er að verkefnastjórn er að ræða um lokadagsetningu á verkefninu í kringum 1. mars eða apríl.

Fram kom í lokaskýrslunni að æskilegt væri að formaður SSA væri kosin sérstaklega á SSA ársfundi sem myndi tryggja ákveðna samstöðu sveitarfélaga um kjörinn formann.

Samrunaáætlun: Vísað í minnisblað og verkefnisstjórn tók undir með Jóni um að megináhersla verði lögð á að ljúka við gerð skipulagsskrár og setja fram stofnefnahagsreikning sem fyrst. Lögð verði áhersla að stofnanir **flýti vinnu við ársreikningagerð þannig að hægt verði að setja upp stofnefnahagsreikning.**

Fjárhagsáætlun: Farið stuttlega yfir fjárhagsáætlun og mikilvægt að fara eina yfirferð yfir áætlunina fyrir næsta fund, verkefnisstjóri mun afstemma allar upphæðir.

Ráðning framkvæmdastjóri: Verkefnisstjórn frestar ráðningu framkvæmdastjóra ótímabundið.

Mikilvægt að fá stjórnirnar saman of fá utanaðkomandi manneskju til að halda utan um fundinn og fá fólk til að tala saman. Ákveðið var að kalla ekki saman fund starfsmanna fyrr en eftir sameiginlegan fund stjórna. Beðið verður með Markviss verkefni þar til samþykkt skipulagsskrá og skipurit liggur fyrir.

Ekki gafst tími til að ræða fleiri mál og fundi lokið 15:10. Verkefnisstjóri mun boða fund með stjórnnum mánudaginn 9. janúar og leita eftir utanaðkomandi aðila til að halda utan um fundinn. Verkefnisstjóra falið að útbúa fundarboð og senda á verkefnisstjórn sem vinnur málið gagnvart sínum stjórnnum.